

1
14. jan. Ljósmyndarar þurfa lítið eitt af ómenguðum vínanda. Á einni helstu ljósmyndastofu Reykjavíkur hefir verið notaður tíundi hluti úr lítra um árið.

Trjesmiðir þurfa yfirleitt ekki að nota ómengaðan vínanda. Hann er að eins notaður við vönduðustu viðargljáningu, sem fæstir smiðir fást við. Að eins stærri vinnustofur munu þurfa á ómenguðum vínanda að halda svo nokkru nemi.

Vjelsmiðir þurfa ekki á ómenguðum vínanda að halda, ef þeir geta fengið suðuspritt.

Prentarar þurfa ekki að nota vínanda við iðn sína.

Stjórnarráðið væntir nú þess, að þjer, auk þess að koma fram ábyrgð gegn þeim mönnum í lögsagnarumdæmi yðar, er uppvisir verða að því að hafa misbrúkað áfengisbækur sínar síðasta árið, gjörið yðar ítrasta til að koma í veg fyrir, að áfengisbækurnar verði misbrúkaðar framvegis til að afla áfengis til neyslu, en gjöri einhver sig sekan í sliku, verður að láta hann sæta ábyrgð fyrir.

2
23. jan. *Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna og bæjarfógeta um reglur fyrir greiðslu úr landssjóði samkvæmt 77. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905.*

Þar eð útgjöld landssjóðs samkvæmt 77. gr. fátækralaga 10. nóvember 1905 fara mjög vaxandi með ári hverju, hefir stjórnarráðinu þótt óhjákvæmilegt að setja eftirfarandi reglur, er fylgja skal, þegar sótt er um styrk úr landssjóði til greiðslu upp í legukostnað þurfalinga í sjúkrahúsum.

Þegar hreppsnefnd sækir um styrk úr landssjóði til greiðslu upp í legukostnað þurfalinga, samkvæmt 77. gr. fátækralaga 10. nóvember 1905, skal hún senda hlutaðeigandi sýslumanni beiðni um styrkinn stílaða til stjórnarráðsins. Beiðninni skal fylgja: reikningar yfir legukostnaðinn ásamt sjúkdómslýsingu frá hlutaðeigandi lækni og skulu bæði reikningarnir og sjúkdómslýsingin vera rituð á eyðublöð þau, sem fyrirskipuð voru með brjefi stjórnarráðsins til allra hreppsnefnda, dags. 6. júní 1913. Enn fremur skal fylgja beiðninni fullkomin skýrsla hreppsnefndarinnar um viðskifti hennar og þurfalingsins, er m. a. sýni hvenær, hvar og af hvaða ástæðum þurfalingurinn hafi orðið styrkþurfi, hve mikinn styrk hann hafi þegið á ári hverju og hvernig kringumstæður hans að öðru leyti eru. Sýslumaður sendir síðan beiðni hreppsnefndar ásamt fylgiskjölum til stjórnarráðsins og lætur jafnframt uppi álit sitt um málið.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjer með tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndum í umdæmi yðar, og skal þess jafnframt getið, að reglur þessar ganga í gildi 1. apríl næstkomandi og verður umræddur styrkur ekki greiddur úr landssjóði eftir þann tíma, nema framanskráðum reglum sje nákvæmlega fylgt.

Þess skal getið, að framanskráðar reglur gilda einnig um styrkbeiðnir frá fátækrastrjórum kaupstaðanna, þó þannig, að bæjarfógeti eða borgarstjóri afgreiðir beiðnirnar beint til stjórnarráðsins.